

Undirrituð hafa síðustu mánuði framleitt sjónvarpsþætti sem sýndir hafa verið á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir hafa fjallað um Hafnarfjörð og Hafnfirðinga og hafa fengið einkar jákvæðar viðtökur áhorfenda. Búið er að framleiða 19 þætti og áformað að halda framleiðslu þeirra áfram í vetur, að minnsta kosti til áramóta.

Hafnarfjarðarbær hefur fram til þessa ekki komið að gerð þáttanna en þeir eru um margt lyftistöng fyrir kynningu á bæjarfélaginu.

Framleiðendur óska nú eftir samvinnu við bæjarfélagið um áframhald þáttagerðarinnar.

Til að svo megi verða er með bréfi þessu óskað eftir að Hafnarfjarðarbær komi að gerð þáttanna með styrkveitingu sem nemur um 50.000 krónur á viku. Á móti fái Hafnarfjarðarbær að birta auglýsingar að vild í auglýsingahléi og verði getið sem styrktaraðila. Einnig að búið verði til stiklumyndband, kynningarmyndband, 1-3 mínútur úr hverjum þætti sem Hafnarfjarðarbær er heimilt að birta á vefsvæði sínu. Framleiðendur þáttanna munu sjá um gerð þeirra. Þá verður Hafnarfjarðarbær heimilt að koma með ábendingar um efni en endanleg ákvörðun um efnistöð er í höndum framleiðenda.

Umfjöllunarefnið hefur verið fjölbreytt en mannlíf líðandi stundar, saga og menning bæjarins hefur ávallt verið höfð í fyrirrúmi auk þess sem dægurmál á hverjum tíma hafa ratað í þættina. ÍNN nær til 96% landsmanna og skv. síðustu Gallupkönnun sem stöðin gerði fyrir skömmu horfa 4 af hverjum 10 landsmönnum á stöðina í hverri viku.

Með von um jákvæðar undirtektir og gott samstarf við gerð á hafnfirsku sjónvarpsefni.

*Hólmfríður Þórisdóttir, framleiðandi*

*Sigurður Þ Ragnarsson, umsjónarmaður*